

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2018

2019/EES/98/27

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1508 frá 28. ágúst 2017 um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1505) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eaj. **32017 D 1508**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1508 frá 28. ágúst 2017 um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. ESB L 223, 30.8.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) nr. 2017/1508, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 223, 30.8.2017, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.